

# Stjórnarhættir opinberra fyrirtækja

28. nóvember 2008



NASDAQ OMX



## Leiðbeiningarnar

- Samstarfsverkefni Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og NasdaqOMX Ísland.
- Starfshópur:
  - Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, formaður
  - Þórður Friðjónsson, forstjóri NasdaqOMX Ísland
  - Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins
  - Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna
  - Erlendur Magnússon, framkvæmdastjóri
  - Verkefnisstjóri var Haraldur I. Birgisson lögfræðingur Viðskiptaráðs



NASDAQ OMX



## Fyrirmyndir

- Leiðbeiningar að alþjóðlegri fyrirmynd lagaðar að íslenskum aðstæðum – ekki reglur.
- Fyrirmyndir leiðbeininganna:
  - Basel Committee on Banking Supervision, *Core Principles for Effective Banking Supervision*, 2006.
  - Basel Committee on Banking Supervision, *Enhancing Corporate Governance for Banking Organisations*, 2006.
  - OECD, *Policy Brief on Corporate Governance of Banks*, 2008.
  - OECD, *Guidelines on Corporate Governance of State-Owned Enterprises*, 2005.
  - OECD, *Principles of Corporate Governance*, 2004
  - Samkeppniseftirlitið, *Leiðbeiningar: Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum*, 2008.



## Bakgrunnur

- Mikilvægt fyrir öll fyrirtæki að skapa almennt traust um starfsemi sína
  - Opinber fyrirtæki búa við ólíka innviði en einkafyrirtæki
  - Fjöldi aðila úr ólíkum áttum kemur að rekstrinum, t.a.m. ráðuneyti, sveitarfélög, ríkisstjórn, eftirlitsaðilar og svo stjórnendur og stjórn
  - Erfitt að skipuleggja hlutlausu, markvissa og ábyrga aðkomu allra
- Engar leiðbeiningar til staðar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja
  - Fjármálaráðuneytið með slíkar leiðbeiningar á dagskrá, til að tryggja “framúrskarandi stjórnarhætti í rekstri ríkisins”
  - Taka átti mið af alþjóðlegum leiðbeiningum
  - Fjalla átti um jafnræði, gagnsæi í rekstri og verkefni og skyldur stjórn



## Bakgrunnur

- Hlutverk hins opinbera sem eiganda fyrirtækja breyst umtalsvert með yfirtöku ríkisins á viðskiptabönkunum
  - Hið opinbera var fyrir eigandi nokkurra stærstu fyrirtækja landsins
  - Hagsmunir almennings og viðskiptalífs af góðum stjórnarháttum opinberra fyrirtækja aldrei verið meiri
- Yfirstandandi efnahagsþrengingar krefjast þess að gagnsæi og trúverðugleiki athafna og aðgerða hins opinbera sé nær óumdeildur
  - Slíkt ákall kemur jafnt frá íslensku viðskiptalífi og almenningi sem og erlendum aðilum, t.a.m. kröfuhöfum viðskiptabankanna
  - Alþjóðlegar stofnanir, t.a.m. IMF og OECD, hafa einnig kallað eftir auknu gagnsæi



## Markmið

- Stuðla að góðum stjórnarháttum
  - Auka gagnsæi og efla þannig almennt traust á fyrirtæki og atvinnurekstur í eigu hins opinbera
- Treysta jafna samkeppnisstöðu opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja
  - Koma í veg fyrir að samkeppni sé raskað
  - Leggja áherslu á hlutverk hins opinbera í að auka samkeppni
- Auðvelda stjórnarmönnum og stjórnendum opinberra fyrirtækja að rækja skyldur sínar
  - Tryggja sjálfstæði stjórnenda og takmarka möguleika pólitískra afskipta af rekstri fyrirtækja
  - Treysta ábyrgð stjórnenda og stjórnarmanna á rekstri fyrirtækjanna, auka aðhald og hvata til hagkvæmrar ráðstöfunar fjármagns



## Markmið

- Skýra og afmarka samskipti hins opinbera við fyrirtæki sín
  - Aðstoða hið opinbera að rækja skyldur sínar gagnvart fyrirtækjum í eigu þess
  - Aðskilja eins og unnt er á milli hlutaverka hins opinbera sem valdhafa og sem eiganda
  - Styrkja trúnað milli hins opinbera og stjórnenda opinberra fyrirtækja
- Auka tiltrú erlendra aðila á þeim stjórnarháttum sem tíðkast hérlandis
  - Bregðast við, með beinum aðgerðum, aukinni tortryggni erlendra aðila
- Endurreisa traust og trúverðugleika íslensks fjármálakerfis
  - Stuðla að vernd innstæðueigenda
  - Gæta að því að einkafyrirtækjum sé ekki mismunað
  - Tryggja sjálfstæði stjórnenda viðskiptabankanna
- Auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs
  - Vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd heilbrigðra viðskiptahátta



NASDAQ OMX



## Hverjum ætlað?

- Leiðbeiningarnar henta:
  - Opinberum fyrirtækjum í samkeppnisrekstri
  - Öðrum opinberum fyrirtækjum
  - Öðrum opinberum einingum, t.a.m. stofnunum og ráðuneytum.



NASDAQ OMX



## Væntingar um árangur

- Breið samstaða um leiðbeiningarnar mikilvæg
- Gert ráð fyrir að hið opinbera og opinber fyrirtæki muni tileinka sér leiðbeiningarnar
  - Fylgi eða útskýri (e. comply or explain)
- Líklegt að þrýstingur komi frá umhverfinu
  - Íslenskt viðskiptalíf og almenningur
  - Kröfuhafar gömlu og nýju viðskiptabankanna
  - Alþjóðlegar stofnanir

